



2010

Þjóðarspegillinn

## Njáls saga og hefðin sem áheyrendur þekktu

Gísli Sigurðsson

Félags- og mannvísindadeild  
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Njáls saga og hefðin sem áheyrendur þekktu

Gísli Sigurðsson

Í þessari grein er gerð tilraun til að lesa upphafsorð *Njáls sögu* með ættfærslu til Sighvats hins rauða í ljósi tilgátu höfundar um að hinar rituðu Íslendingasögur byggist að einhverju leyti á munnlegri hefð og vísi iðulega til þekkingar áheyrenda á þeirri hefð. Slíkur lestur breytir grundvallarhugmyndum um hvernig fræðimenn hafa nálgast Íslendingasögur sem bókmenntaverk, ekki síst *Njálu*. Baldur Hafstað hefur áður bent á líkindi milli atburða sem tengjast Sighvati í *Landnámu* og túlkað þau svo að höfundur *Njálu* hafi notað glataða gerð *Landnámu* sem heimild og hugmyndauppsprettu þegar hann samdi sögu sína - í anda upprunahugmynda um Íslendingasögur, sem kenndar eru við *bókefestu*. Með því að beita hugmyndinni um munnlegan bakgrunn er sýnt fram á að það sé fremur ólíklegt að um beina heimildanotkun hafi verið að ræða (allir fræðimenn eru á einu máli um að í *Njálu* og *Landnámu* beri svo mikið á milli að ekki sé líklegt að í *Njálu* sé stuðst við neina þekktu gerð *Landnámu*). Í þessari grein er tilvísun *Njálu* til Sighvats hins rauða skýrð sem afsprengi þeirrar aðferðar í munnlegri hefð að gera ráð fyrir þekkingu áheyrenda á söguefninu (fremur en að koma orðum að öllu sem máli skiptir fyrir persónusköpun og merkingu sögu innan spjalda hinnar rituðu bókar eins og algengt er að miða við í rituðum bókmenntaverkum). Í því ljósi vekja upphafsorð *Njálu* hugrenningatengsl við öll helstu viðfangsefni hinnar miklu sögu sem á eftir kemur - með því að vísa til sambærilegrar forsögu í fjölskyldum foreldra Gunnars á Hlíðarenda, sem segir frá í *Landnámu* (slík forsaga er oft ritaður hluti Íslendinga\_sagna (og margra frásagnarverka frá miðöldum) og fræðimenn hafa bent á að hana vantaði í *Njálu*). Hjónaband foreldra Gunnars er lokaþáttur í sættum eftir mannvíg, hefnidir að áeggjan konu og húsbruna. Gunnar er þannig afsprengi sáttgjörðar og hann kallast því á við síðustu persónuna sem nefnd er í *Njálu*, Kolbein Flosason, sonarson Kára og Hildigunnar en hjónaband þeirra innsiglar þær sættir sem nást um síðir í *Njálu*. Þeir Gunnar og Kolbeinn tengjast einnig beint með orðfæri sögunnar því um þá tvo er notað lýsingarorðið „ágætastur“. Á þennan hátt sameinar *Njála* fagurfræðilega aðferð hinnar munnlegu hefðar og þá nákvæmu byggingu og markvissu orðanotkun sem ritaðar bókmenntir bjóða upp á.

## Kenningar um uppruna Íslendingasagna og ólíkar túlkunarleiðir

Vandamál tengd munnlegri hefð að baki fornsögum hafa verið eitt helsta viðfangsefni fornsagnafræða frá upphafi. Skoðanir hafa verið skiptar, allt frá því að líta svo á að hinn ritaði texti væri nánast bein uppskrift af þeim orðum sem sagnamaður eða – kona flutti frammi fyrir fólki (og hafði nær orðrétt eftir fyrri kynslóðum, óslitið til þeirra atburða sem sagt var frá); til þess að lesa sögunnar sem skálduð verk höfunda sem hafi notað eigið hugarflug í bland við ritaðar heimildir til að setja saman bóksögur. Ýmis hóflegri viðhorf þessara meginöfga, sem kallaðar eru *sagnfesta* og *bókefesta*, hafa komið fram hjá flestum þeim sem hafa fengist við sögunnar á fræðilegan hátt – með vaxandi þekkingu síðustu áratugi á því hvernig munnleg hefð hagar sér. Segja má að almennt ríki nú sátt um það sjónarmið að sögunnar séu höfundarverk sem byggist bæði á munnlegri hefð og öðrum ritum, og hefur sú sýn verið kölluð *nýsagnfesta* (á ensku *formalist-traditionalist approach*, sbr. Gísli Sigurðsson, 2002, bls. 39-50).

Í bók minni frá 2002, *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar*, færði ég rök fyrir því að það þyrfti að ganga lengra en taka undir þau almennu orð að einhver munnleg hefð hafi verið að baki. Ég benti á að það gæti skipt verulegu máli fyrir lestur og þar með skilning á einstökum sögum hvort nútímalesendur reiknuðu beinlínis með munnlegri hefð að baki sögunum eða ekki. Hugmyndin var sú að ekki væri hægt að komast lengra en orðið var í almennri rökræðu um hvort tiltekin atriði í sögunum væru af munnlegum eða öðrum uppruna í sögunum. Í stað þess væri heppilegra að lesa sögurnar sem texta er byggðist á munnlegri hefð (*orally derived texts*). Þannig mætti gera sér í hugarlund hvernig hinn munnlegi bakgrunnur gæti hafa verið og hvaða áhrif hann gæti hafa haft sem hin almenna þekking í hugum þeirra sem skrifuðu sögurnar og meðal áheyrenda þeirra. Vitund um þennan bakgrunn gæti á ýmsan hátt haft áhrif á nútímalestur sagnanna. Ýmsir lesenda bókarinnar hafa ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þessa fyrir skilning á fagurfræði og merkingarmyndun hinna fornu texta sem oft er fjallað um líkt og síðari alda skáldverk í *rittenslum* við önnur skrifuð verk. Enn er það svo að margir fræðimenn afgreiða munnlega hefð sem almennt líklega hugmynd um bakgrunn sagnaritunar – sem skipti þó litlu máli þegar kemur að lestri og túlkun enda sé munnleg hefð á miðöldum lítt aðgengileg.

Ég tel mig hafa fært mjög skýr og afdráttarlaus rök fyrir því í áður nefndri bók að þegar kemur að frásögnum um einstakar persónur og atburði í sagnasyrpu á borð við Austfirðingasögur (sem ekki er hægt að sýna fram á að tengist innbyrðis með eiginlegum rittenslum) sé greinilega gert ráð fyrir að áheyrendur/lesendur hafi fyrirframþekkingu á því sem sagt er frá í hverri sögu. Þetta gengur svo langt að sums staðar er ætlast til slíkrar þekkingar til að atburðarásin skiljist (Gísli Sigurðsson, 2002, bls. 245-247, 2008).

## Listaverkið *Njála* og tengsl við aðrar sögur

Það gæti verið freistandi að horfa framhjá þessum niðurstöðum við bókmenntalegan lestur annarra sagna og segja að Austfirðingasögur séu ekki best skrifuðu Íslendingasögurnar og stundum mjög staðbundnar. Ekki sé endilega víst að niðurstöður byggðar á þeim eigi við hinar klassísku sögur sem sýni greinileg höfundareinkenni þroskaðra bókmenntaverka, á borð við *Njáls sögu*. Það skiptir því máli að reyna aðferðina á *Njálu* með það í huga hvort hugmyndin um munnlegan bakgrunn fornsagna hafi áhrif á túlkun þessarar bókmenntalegustu sögu allra Íslendingasagna.

Lengi hefur verið viðtekið í *Njálufraedum* að taka undir með Bååth sem sagði að höfundur *Njálu* hefði haft slíkt vald á efnivið sínum að hann hafi skrifað „den första linjen [...] med blicken fäst på den sista“ (Bååth, 1885, bls. 159). Alla 20. öldina rýndu fjölmargir bókmenntafræðingar í *Njálu* og voru sammála um þá meginhugmynd að sagan væri bókmenntalegt meistaraverk – sem stýddist engu að síður við byggingartækni sem rekja mætti að hluta til munnlegrar hefðar (Lönnroth, 1976).

Andersson sýndi fram á að ætluð rittensgl *Njálu* við aðrar sögur (í rannsókn sem hann hugsaði sem hluta fyrir heild til að meta áreiðanleik viðtekinna kenninga um rittensgl fornsagna) væru ekki byggð á neinum raunverulegum sönnunum. Andersson ályktaði því að það sem Einar Ól. Sveinsson hefði túlkað sem rittensgl væri eðlilegra að skýra sem merki um sameiginlega munnlega hefð að baki:

The fact that it [i.e. *Njáls saga*] does not pass the test enjoins caution in the similar analysis of other sagas. This does not mean that source hunting among the written sagas is fruitless or futile. We should continue to accumulate and evaluate as many similarities as possible, but we should show more prudence in distinguishing fortuitous or formulaic correspondences from literary borrowings and more restraint in burdening small similarities with mighty consequences. Above all we should be wary of hypothetical written sources, which are no more

susceptible of proof and no less an article of dogma than oral tradition, the indemonstrability of which has been so firmly impressed upon us by the adherents of bookprose (Andersson, 1964, bls. 103).

Ég hef áður fjallað um að þótt einkennilegt megi virðast þá leiddu niðurstöður Anderssons ekki til allsherjarendurmats á kenningum um hið flókna rittengslanet milli Íslendingasagna, net sem flækist ennþá fyrir hugmyndum þeirra sem um sögunnar fjalla (Gísli Sigurðsson, 2002, bls. 129-134).

Ágætt dæmi um áhrif þess að meta ekki rittengslin með gagnrýnum augum er að finna í ákaflega nýstárlegri grein eftir Baldur Hafstað (2001): „*Egils saga, Njáls saga, and the Shadow of Landnáma: The work methods of the saga writers*”. Þar byggir Baldur á þeim aðferðafræðilega grunni að líkindi milli verkanna sem hann nefnir í titlinum beri að skýra sem dæmi um rittengsl – án þess að taka tillit til hinnar gagnrýnu umfjöllunar Anderssons. Baldur gengur jafnvel lengra en fyrri boðberar rittengslanetsins og telur að höfundur *Njálu* hafi notað glataða gerð *Landnámu* sem heimild fyrir margvíslegum sagnamínum, sögufléttum, persónusköpun og atburðum í sögunni. Í ljósi rannsóknar Anderssons og minna eigin rannsókna á aðferða- og hugmyndafræðilegum grundvelli rittengsla-kenninganna er fremur ólíklegt að þau sem stóðu að ritun slíks meistarverks sem *Njála* er hafi þurft að lúsleita í glötuðum gerðum *Landnámu* til að geta látið sér detta í hug ýmis algeng og formúlukennd atriði sem eru síðan útfærð og sett í nýtt samhengi í sögunni. Einar Ól. Sveinsson (1933, bls. 172-78) og Guðni Jónsson (1933) voru báðir þeirrar skoðunar að ekki væri um rittengsl að ræða milli þessara verka, og tóku þannig undir eldri niðurstöður Guðbrands Vigfússonar (1878, xliii) og nákvæma greiningu Karl Lehmann og Hans Schnorr von Carolsfeld (1883, bls. 172-231) á ættfærslum í *Njálu* sem bentu ekki til tengsla við *Landnámu*.

Baldur dregur hins vegar fram áhugaverðar hliðstæður og líkindi sem þarfnast skýringa ef rittengsla-kenningunni er hafnað. Mér er ókunnugt um að aðrir hafi bent á þessi líkindi *Njálu* við *Landnámu* á undan Baldri, að því marki að það skipti máli hér. Bogi Th. Melsteð (1910, bls. 233-240) rakti að vísu saman frásagnir *Landnámu* og *Njálu* útfrá sagnfræðilegu sjónarmiði en án allra listrænna tenginga við frásagnaraðferð og vinnubrögð höfundar. Baldur bendir á að *Landnáma* fjalli um framættir Gunnars á Hlíðarenda:

the same names come up, and the same families are involved, the part played by the counsellor Mörður gígja [...] is similar [...] to the role played by his grandson of the same name in *Njála*. And the role of Gunnar Baugsson is reminiscent in many ways of the role played by his grandson of the same name at Hlíðarenda. Both were outlawed from their home areas, and both fell off their horses at a fateful juncture. Women as key figures are connected with call for revenge, which end in acts of arson. The warring factions eventually reach a settlement and marriages are arranged to guarantee peace... (2001, bls. 31)

Ofangreind líkindi skýrir Baldur með því að höfundur *Njálu* hafi notað *Landnámu* sem heimild við skapandi skrif „as evidence of what could be termed the hidden connection between *Njála* and *Landnáma*. They tell us something about the way the author of *Njála* worked“ (Baldur Hafstað, 2001, bls. 33). Baldur bendir þó ekki á neitt til sönnunar (af því tagi sem Andersson fjallaði um) á að rittengsl séu líklegri en sameiginleg munnleg hefð að baki báðum textum. Hann túlkar ekki heldur hin fagurfræðilegu áhrif þessara hliðstæðna frá sjónarhorni áheyrenda sögunnar.

## Vísað til forsögu *Njálu* í munnlegri hefð

Hér á eftir mun ég aðeins rýna í brot af þeim hliðstæðum *Njálu* og *Landnámu* sem Baldur bendir á. Hugmyndin er að beita aðferðinni um hinn ætlaða munnlega bakgrunn *Njálu* og draga þannig fram bókmenntalegt samhengi innan sögunnar sjálfrar og listræn áhrif þess á lestur okkar að rýna í hana með þessari aðferð.

Margir hafa tekið undir með Lars Lönnroth (1976, bls. 209-10) að *Njála* sé ólík öðrum sögum að því leyti að þar sé enginn þematískur aðdragandi um kynslóðir forfeðra og –mæðra líkt og í *Eglu*, *Laxdælu* og fleiri sögum (sbr. Andersson, 2006, bls. 183-84). Með því að lesa *Njálu* í ljósi bakgrunnsþekkingar (sem við höfum aðgang að í *Landnámu*) kviknar þó slík forsaga strax í huga okkar – að því gefnu að við séum ekki föst í fyrirfrámhugmyndum um rittengsl í hverri línu en reynum þess í stað að nálgast textann á forsendum hefðarinnar og beitum hugtökum um *almatta list* og *skírskotun til hefðarinnar* (*immanent art* og *traditional referentiality*) eins og þau hafa verið skilgreind af Carol Clover og John Miles Foley. Þessi hugtök telja þau Clover og Foley að nýtist vel til að skilja hvernig skoða þurfi sérhvern texta „í ljósi allrar hefðarinnar þar sem svipaðar aðstæður komi upp. Og þessi heildarhugsun hjálpi fólki að skilja hvað sé verið að fara án þess að allt sé útskýrt nákvæmlega í hvert sinn. Þetta sé að því leyti ólíkt textatengslum ritverka (*intertextuality*) að í munnlegri hefð sé ekki hægt að segja til um hvaða saga komi fyrst og að eitt verk endurómi eitt tiltekið annað verk, heldur saki þau öll í sömu hefðina“ (Gísli Sigurðsson, 2002, bls. 48).

### Helstu þemu *Njálu* kunn úr munnlegri hefð í frásögnum um forfeður og -mæður

Að þessu sögðu er tímabært að rifja upp fyrstu setningarnar í *Brennu-Njáls sögu* (1987, bls. 124): „Mörður hét maður er kallaður var gígja. Hann var sonur Sighvats hins rauða.“ Spyrja má: Hvernig standa þessi orð undir þeirri algengu fagurfræðilegu kröfu til ritaðra skáldverka að upphafslínurnar fangi strax meginþema/-þemu þeirrar sögu sem á eftir kemur (sbr. West 1979, bls. 90)? Fyrsta efnisgreinin lýsir síðan lögspeki Marðar og hans vænu dóttur Unni (sem var móðir Marðar Valgarðssonar eins og síðar kemur í ljós) – áður en sagan víkur sér vestur til Breiðafjarðardala án þess eiginlega að hafa byrjað á Rangárvöllum. Forvitinn lesandi gæti ímyndað sér að eitthvað búi undir og að Sighvatur rauði sé mikils háttar; önnur persóna sem nefnd er til sögu. Hlutverk Sighvats er þó alls ekki ljóst í *Njálu*. Hann er nefndur þrisvar til viðbótar í sögunni: Þegar Gunnar á Hlíðarenda er kynntur í 19. kafla sem frændi Unnar, sonur Rannveigar Sigfúsdóttur „Sighvatssonar hins rauða“ (*Brennu-Njáls saga*, 1987, bls. 147). Til viðbótar er því skotið inn að Sighvatur hafi verið „veginn við Sandhólaferju“ (*Brennu-Njáls saga*, 1987, bls. 147) en það hefur enga merkingu fyrir óupplýstan lesanda sem ætlar að nálgast *Njálu* eins og nútímaskáldverk. Í 34. kafla er Þráinn (sem verður síðar til vandræða) kynntur til: „Hann var Sigfússon Sighvatssonar hins rauða“ (*Brennu-Njáls saga*, 1987, bls. 161). Hér virðist ekki talin þörf á neinum viðbótarupplýsingum um Sighvat, frekar en í fjórða og síðasta sinn sem hann er nefndur í 41. kafla þegar enn önnur óheillapersóna (frá Gunnari séð) er kynnt til: „Sigmundur hét maður. Hann var Lambason Sighvatssonar hins rauða“ (*Brennu-Njáls saga*, 1987, bls. 171). Þar með er Sighvatur úr sögunni án þess að hafa látið til sín taka. Það skiptir máli í sögunni að Mörður gígja, Unnur, Gunnar, Þráinn og Sigmundur eru öll skyld í gegnum Sighvat hinn rauða – sem við vitum það eitt um í *Njálu* að var veginn við Sandhólaferju. Örlög Gunnars ráðast að verulegu leyti með skírskotun til fjölskyldutengsla hans við þetta fólk. Sé rýnt enn lengur í Sighvat gætu kviknað hugrenningartengsl milli *rauða* litarins í viðurnefni hans og þess blóðs sem á eftir að renna um síðurnar — og þeirra rauðu

loga sem munu standa upp úr Bergþórshvoli; ekki ósvipað þeim áhrifum sem upphafs-M Fornritafélagsútgáfu Einars Ól. Sveinssonar (1954) getur haft á lesendur þeirrar bókar: Stórt rauðlitað M umkringt spjóti, öxi, rauðum eldi og dökkum reyk...

Fremur en að staldra lengur við nafn Sighvats hins rauða innan spjalda *Njálu* má grípa til hugmynda um skírskotun til hefðarinnar umhverfis. Þegar lesendur Fornritafélagsútgáfunnar hafa horft á hið logandi, blóðlitaða og vopnum girta M í upphafi geta þeir lesið neðanmálgrein þar sem Einar Ólafur (1954, bls. 5) nefnir að *Njálu* beri ekki saman við *Landnámu* um ætt Marðar: „þar [í *Landnámu*] er Mördur talinn Sigmundarson, Sighvats sonar rauða, en *Njála* nefnir ekki Sigmund, hvorki hér né síðar, þegar þessi ætt er rakin“. Fleirum en Einari hefur orðið starsýnt á þetta ósamræmi, til dæmis Boga Th. Melsteð (1910, bls. 235-6), Guðna Jónssyni (1933, bls. 123-4) og Jóni Jóhannessyni (1941, bls. 86) sem taldi að þótt sumir vildu fremur treysta *Njálu* (með því að bæta Sigmundi inn í ættakninguna að hætti *Landnámu* verður of mikið misræmi við tímatal *Egils sögu* – Sigmundur er sagður hafa verið dóttursonur Sigríðar, ekkju Þórólfs Kveld-Úlfssonar), mætti einnig skýra Sigmund í *Landnámu* með því að *Egla* færi ekki rétt með móðurætt konu Sighvats. Í neðanmálgrein við 19. kafla bætir Einar (1954, bls. 53) því við að skv. *Landnámu* hafi það ekki verið Sighvatur sem var veginn við Sandhólaferju heldur Sigmundur sonur hans „og er um það töluverður þáttur í Sturlubók“ – sem Jón Jóhannesson (1941, bls. 120-21) telur að hafi verið skrifaður eftir ritaðri *\*Fljótshlíðinga sögu* sem hafi glatast síðar. Þetta ósamræmi milli texta ætti að gefa nægt tilefni til varkárni í öllum ályktunum um að *Njála* hafi notað *Landnámu* sem heimild – nema gengið sé út frá kenningunni um að til hafi verið gerð *Landnámu* sem var samhljóða *Njálu* en að hún hafi glatast.

Með því að lesa upphaf *Njálu* með þeirri aðferð að gera ráð fyrir munnlegri hefð að baki kveikir nafn Sighvats hins rauða strax sterk hugrenningatengsl við frásagnir hefðarinnar af víginu við Sandhólaferju. Ganga má út frá því (miðað við hvernig vísað er til þeirra í 19. kafla) að atburðirnir við Sandhólaferju hafi með einhverjum hætti verið frásagnarefni á munnlegu stigi – þrátt fyrir þá trú Jóns Jóhannessonar að sú saga hafi öll verið skrifuð í hinni glötuðu *\*Fljótshlíðinga sögu*. Ógerningur væri að geta sér til um nokkra bakgrunnþekkingu ef ekki væri hægt að leita í *Landnámu* (sem má kalla ritaðan texta byggðan á munnmælum, jafnvel munnlegri *\*Fljótshlíðinga sögu*) til þess að teikna upp þann bakgrunn sem *Njála* vísar svo kunnuglega til. Tilvísun *Njálu* í víg Sighvats getur ekki verið til þess texta við lesum nú í *Landnámu* – af því að *Njála* og *Landnáma* eru ekki samhljóma um hvort það var Sighvatur rauði eða Sigmundur (sem er ekki nefndur í *Njálu*), sonur hans, sem var veginn við Sandhólaferju. Eðlilegra er skilja vísunina í vígið við Sandhólaferju sem almenna tilvísun til þeirrar sögu um víg, hefdir og sættir í Fljótshlíð, sem er skráð með þessum hætti í *Landnámu* (1968, bls. 348, 352-354 — í töflu eitt koma fram ættartengsl helstu persóna):

(S 345) Sighvatr rauði hét maðr [...] hann átti Rannveigu [...] hans son Sigmundr, faðir Marðar gígju [...]

(S 348, H 307) Baugr [...] nam Fljótshlíð alla [...] ok bjó at Hlíðarenda; hans son var Gunnarr í Gunnarsholti ok Eyvindr at Eyvindarmúla, þriði Steinn en snjalli [...]

Þeir Steinn enn snjalli ok Sigmundr, son Sighvats rauða, áttu för utan af Eyrum ok kómu til Sandhólaferju allir senn, Sigmundr ok förunautar Steins, ok vildu hvárir fyrr fara yfir ána. Þeir Sigmundr stökuðu húskörum Steins ok ráku þá frá skipinu; þá kom Steinn at ok hjó þegar Sigmundr banahögg. Um víg þetta urðu Baugssynir allir sekir ór Hlíðinni [...]


Þat líkaði illa <Þorgerði> dóttur Sigmundar, er föðurbani hennar fór út þannig, ok eggjaði Önund bónda sinn at hefna Sigmundar. Önundur fór með þrjá tigu

mann í Snjallshöfða ok þar þar eld at húsum. Snjallsteinn gekk út ok gafsk upp; þeir leiddu hann í höfðann ok vágú hann þar. Eptir víg þat mælti Gunnarr [...]

Önundr varð sekr um víg Snjallsteins [...] Örn í Vælugerði, mágr Gunnars, helt njósnum til Önundar. Eptir jól enn þriðja vetr fór Gunnar með þrjá tigu manna at Önundi at tilvisan Arnar [...] Þeir fundusk í Orrostudal; þar fell Önundr með fjórða mann, en einn af Gunnari. Gunnarr var í blári kápu; hann reið upp eptir Holtum til Þjórsár, ok skammt frá ánni fell hann af baki ok var þá örendr af sárum.

[S]ynir Önundar [...] sóttu [...] Mörð gígju at eptirmáli, frænda sinn [...] Mörðr lagði þat til, at þeir skyldu fá Erni skóggangssök ok koma honum svá ór heraði [...] þá vágú þeir Örn, ok hugðu menn, at hann mundi óheilagr fallit hafa [...] Þá mæltu þeir Hámundr Gunnarsson ok Þorleifr eptir Örn, en Mörðr veitti þeim bræðrum; þeir guldu eigi fé [...] þá gipti Mörðr ok Rannveigu systur sína Hámundi Gunnarssyni, ok rézk hann þá aprt í Hlíðina, ok var þeira son Gunnarr at Hlíðarenda.

Tafla 1. Vensl forfeðra og –mæðra Gunnars á Hlíðarenda sem koma við deilur í *\*Fljótshlíðinga sögu*, skv. *Landnámu*



Með því að nefna Sighvat hinn rauða og vísa þannig í þessi vígaferli, sem við þekkjum nú aðeins af ritadri frásögn *Landnámu* en fólk á 13. öld hefur vafalítið getað heyrt um úr ólíkum áttum, verður upplýstum áheyrendum *Njálu* um leið hugsað til allra helstu viðfangsefna þeirrar stórkostlegu sögu sem er að hefjast: Deila, sem virðist sakleysisleg, um heiður og virðingu í tengslum við sæti (í ferju í *Landnámu*, ekki í veislu eins og í *Njálu* en með þátttöku *búskarla* í báðum verkum) leiðir til þess að mikils háttar maður er veginn; útlegðardómur (úr Fljótshlíð) fylgir í kjölfarið; kona eggjar karla í fjölskyldu sinni að taka til hefnda sem ná hámarki með húsbrennu áður en sættir takast (með aðkomu Marðar gígju í *Landnámu* en nafna hans Valgarðssonar í *Njálu*) sem kalla á giftingu fulltrúa hinna stríðandi fylkinga (foreldra Gunnars á Hlíðarenda í *Landnámu* en foreldra Flosa, föður Kolbeins í *Njálu* — Flosi og Kolbeinn eru tvær síðustu persónurnar sem eru kynntar til og nefndar í sögunni).

Upphafsorð *Njálu* má þannig túlka sem fyrsta forboða af mörgum í sögunni, þó nokkrum línur á undan þjófsaugum Hallgerðar sem koma fram eftir að sögunni viku vestur til Breiðafjarðardala (Einar Ól. Sveinsson, 1971, bls. 50-61). Forboði upphafsorðanna teygir sig meira að segja aftur til síðustu línu *Njálu* um afsprengi sátta-brúðkaups Kára og Hildigunnar. Um sonarson þeirra, Kolbein Flosason segir: „er ágætastur maður hefir verið einhver í þeirri ætt. Og lúkum vér þar Brennu-Njáls sögu.“ (345) Þessi lokaorð hnýta glæsilegan listrænan endahnút á hliðstæðuna við Gunnar og foreldra hans sem forsagan úr *\*Fljótshlíðinga sögu* hefur bætt framan við söguna í hugum áheyrenda: Orðið „ágætastur“ hefur aðeins komið einu sinni áður fyrir í sögunni, þegar Ólafur pái ræður Gunnari við lok 70. kafla að vera varan um sig

„og kvað hann marga eiga öfundarmenn „þar er þú þykir nú ágætastur maður um allt land““ (bls. 206). Með þessu hástemmda lýsingarorði spyrðir sagan saman þessi tvö afsprenგი sáttahjónabandanna úr hinni munnlegu forsögu og hinni rituðu *Njálu*: Gunnar og Kolbein.

Enda þótt margir hafi orðið til að taka almennt undir með Bååth (1885, bls. 159) um vald höfundar *Njálu* á efnivið sínum er mér til efs að nokkur hafi tekið þau orð jafn bókstaflega og þessi hárfína tilvísun lokalinanna til upphafsins gefur til kynna.

Hinar látlausu upphafssetningar *Njálu* vísa með aðferðum hefðbundinnar munnlegrar frásagnarlistar til allrar forsögunnar frá landnámsöldinni, sem fræðimönnum hefur þótt vanta í söguna (það sem Andersson (2006, bls. 183) kallar: „prelude recounting the settlement in Iceland of an ancestral clan“). Það er ekki fullnægjandi útskýring á þessum upphafssetningum að þær séu til vitnis um að höfundur *Njálu* hafi fengið þemu og nöfn að láni úr glataðri gerð *Landnámu* í eins konar hugmyndaleit fyrir sína skálduðu frásögn. Miklu eðlilegra er að lesa þessar línur með hliðsjón af þeirri munnlegu frásagnarhefð sem *Njála* er sprottin úr og sem áheyrendur hennar hafa þekkt til – að sjálfsgöðu í mismiklum mæli eftir einstaklingum. Þessi tilvísun er því ágætt dæmi um listræna aðferð munnlegrar hefðar sem heldur áfram inn í bókmenntaheim *Njálu*, fagurfræði sem fer framhjá þeim sem lesa söguna með aðferðum bókmenntafræða samtímans án þess að taka tillit til hins hefðbundna jarðvegs sem *Njála* er sprottin úr.

## Lokaorð

Þetta staka dæmi af upphafi *Njálu* sem hér hefur verið reifað er til marks um þá lánsemi að hafa aðgang að örlitlu broti af baksviði hefðarinnar í gegnum stuttaralega frásögn af miklum örlögum í *Landnámu*. Um leið ætti það að vekja til umhugsunar um hve lítið er hægt að vita um allar þær óbeinu vísanir og fyrirframþekkingu sem hinar varðveittu rituðu sögur hafa varpað til hinna fyrstu áheyrenda sinna. Ef nafn Sighvats hins rauða, eitt og sér, megnar að vekja hugrenningartengsl við öll helstu þemu *Njáls sögu* á þann hátt sem hér hefur verið dregið fram, hversu mikið hlýtur þá ekki að dyljast á bak við allar þær persónur sem eru í huga nútímalesenda ekkert nema nöfnin tóm í langri ættfærslu – en gætu hafa orkað sterkt á áheyrendur þegar sögurnar voru ritaðar og bætt við þær víddum sem eru okkur að mestu lokaðar.



## Heimildir

- Andersson, T. M. (1964). *The problem of Icelandic Saga origins: A historical survey*. Yale: Yale University Press.
- Andersson, T. M. (2006). *The growth of the Medieval Icelandic Sagas (1180-1280)*. Ithaca og London: Cornell University Press.
- Baldur Hafstað. (2001). Egils saga, Njáls saga, and the Shadow of Landnáma: The work methods of the saga writers. Í Ásdís Egilsdóttir og Rudolf Simek (ritstjórar), *Sagnabeimur: Studies in honour of Hermann Pálsson on his 80<sup>th</sup> birthday, 26<sup>th</sup> May 2001* (bls. 21-37). Vín: Fassbaender.
- Bogi Th. Melsteð. (1910). *Íslendinga saga II*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Bååth, A. U. (1885). *Studier öfver kompositionen i några isländska ättsagor*. Lund: Gleerupska universitets-bokhandeln.
- Brennu-Njáls saga* (1987). Í Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstjórar), *Íslendinga sögur og þættir*. (Fyrsta bindi, bls. 134-345). Reykjavík: Svart á hvítu.
- Einar Ól. Sveinsson. (1933). *Um Njálu*. Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs.
- Einar Ól. Sveinsson (ritstjóri). (1954). *Brennu-Njáls saga Íslenskr fornrit 12*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Einar Ól. Sveinsson. (1971). *Njáls saga: A literary masterpiece* (Paul Schach þýddi og ritstýrði). Lincoln: University of Nebraska Press.
- Gísli Sigurðsson. (2002). *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: Tilgáta um aðferð*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Gísli Sigurðsson. (2008). \*Hin almælti saga af Guðmundi ríka. *Skírnir*, 182(vor), 174-193.
- Guðbrandur Vigfússon. (1878). Prolegomena. Í Guðbrandur Vigfússon (ritstjóri), *Sturlunga saga* (bls. i-ccxiv). Oxford: At the Clarendon Press.
- Guðni Jónsson. (1933). Landnáma og Njáls saga. *Skírnir*, 107, 117-128.
- Jón Jóhannesson. (1941). *Gerðir Landnámabókar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.
- Landnámabók*. (1968). Í Jakob Benediktsson (ritstjóri), *Íslendingabók Landnámabók, Íslenskr fornrit 1*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Lehmann, X., Karl, X. og Carolsfeld, H. S. von. (1883). *Die Njálssaga insbesondere in ihren juristischen Bestandtheilen*. Berlín: Verlag von R. L. Prager.
- Lönnroth, L. (1976). *Njáls Saga: A critical introduction*. Berkeley og Los Angeles: University of California Press.
- West, Morris L. (1979). How to write a novel. Í A. S. Burack (ritstjóri), *The Writers Handbook* (bls. 88-92). Boston: The Writer Inc.